



Nefndasvið Alþingis
b.t. allsherjar- og menntamálanefndar
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík
nefnasvid@althingi.is

Reykjavík, 13. apríl 2023

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á kvikmyndalögum, nr. 137/2001 (framleiðslustyrkur til lokafjármögnunar) 153. löggjafarþing 2022-2023, 899. mál

Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda (SÍK), aðildarsamtök Samtaka iðnaðarins, hafa tekið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á kvikmyndalögum nr. 137/2001 (framleiðslustyrkur til lokafjármögnunar). Fram kemur í greinargerð að markmið frumvarpsins sé einkum að styðja við framleiðslu, sölu og dreifingu leikinna sjónvarpsþátta með vísan til aðgerða í kvikmyndastefnu. Þá sé lögð áhersla á að kvikmyndalögum verði breytt með tilliti til þróunar og breytinga sem hafa átt sér stað í alþjóðlegu þróunar- og fjármögnunarumhverfi sjónvarpsþátta. Horft hafi verið til Norræna kvikmynda- og sjónvarpssjóðsins þar sem styrkir til framleiðslu endurgreiðast samkvæmt ákveðnu hlutfalli af tekjum á heimsvísu af þáttaröð. Ekki er að finna sambærilega heimild til endurgreiðslu í núverandi kvikmyndalögum. Með frumvarpinu er Kvikmyndasjóði heimilt að veita styrki sem geta falið í sér kröfu um endurheimt sambærilega þeim sem Norræni kvikmynda- og sjónvarpssjóðurinn veitir.

SÍK fagnar frumvarpinu en það heimilar m.a. nýjan flokk framleiðslustyrkja til lokafjármögnunar á gerð leikinna sjónvarpsþátta. Undanfarin ár hefur SÍK í málflutningi sínum lagt áherslu á mikilvægi þess að auka við stuðning við framleiðslu sjónvarpsþátta ásamt því að styrkja samkeppnisstöðu sjálfstæðra framleiðenda. Mikilvægt er að til staðar sé kerfi sem annar hröðu þróunar- og fjármögnunarferli ört vaxandi verkefna í sjónvarpsgerð. SÍK hefur jafnframt talað fyrir því að slíkt kerfi skuli byggt að fyrirmynd Norræna kvikmynda- og sjónvarpssjóðsins með það að markmiði að ýta undir framleiðslu, sölu og dreifingu leikinna sjónvarpsþátta. Í því samhengi vill SÍK leggja áherslu á mikilvægi þess að nýjum styrkjaflokki fylgi fjárframlög. Þannig er nauðsynlegt að tryggð verði heimild til hækkunar á fjárlögum til Kvikmyndasjóðs til þess að nýr styrkjaflokkur teljist raunhæfur. Að óbreyttu gengur nýr styrkjaflokkur á önnur verkefni innan sjóðsins.

Alla jafna er það mat SÍK að efnistöð frumvarpsins hvað varðar nýjan styrkjaflokk afar jákvætt skref sem tekur mið af knýjandi þörf innan greinarinnar. Fagnar því SÍK tilkomu þessa frumvarps og telur mikilvægt að það nái fram að ganga.

Virðingarfyllt,

Lilja Björk Guðmundsdóttir,
Viðskiptastjóri á iðnaðar- og hugverkasviði Samtaka iðnaðarins